

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. desember 2014

Umsögn frá Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) um 322. mál á 144. löggjafarþingi, frumvarp til laga um almannatryggingar, nr. 100/2007 með síðari breytingum (markmið, stjórnýssla og almenn ákvæði).

Velferðarnefnd Alþingis hefur með tölvupósti þann 5. desember sl. leitað eftir umsögn LL um framangreint frumvarp.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á almannatryggingum en hér verður aðeins vikið að þeim ákvæðum sem varða samspil á greiðslum almannatrygginga og lífeyrissjóða, þ.e. ákvæði í 24. gr. og 3. tölul. 26. gr. frumvarpsins.

Ofangreind ákvæði má rekja til yfirlýsingar sem undirrituð var þann 3. desember 2010 af hálfu þáverandi ríkisstjórnar Íslands og Landssamtaka lífeyrissjóða um víxlverkun á greiðslum almannatrygginga og lífeyrissjóða. Með þeim aðgerðum sem lýst er í yfirlýsingunni var ætlunin að leitast við að koma í veg fyrir víxlverkanir á greiðslum og tekjurýrnun lífeyrisþega af þeim völdum næstu þrjú árin. Á þeim tíma átti að vera búið að finna viðvarandi lausn til framtíðar. Á grundvelli þessarar yfirlýsingar var undirritað af þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra og fulltrúum Landssamtaka lífeyrissjóða samkomulag, dags. 30. desember 2010. Samkomulaginu var ætlað að koma í veg fyrir víxlverkun greiðslna á tímabilinu frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2013 en skipa átti nefnd sem hefði það hlutverk að finna málinu farveg til framtíðar. Verklagsreglur um framkvæmd samkomulagsins voru settar þann 18. mars 2011.

Með lögum nr. 106/2011 var samkomulaginu tryggð nauðsynleg lagastoð þar sem bætt var við ákvæðum til bráðabirgða við lög nr. 100/2007, um almannatryggingar, lög nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, og lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 106/2011 kom fram að þess væri vænst að á umræddu tímabili, þ.e. fyrir árslok 2013, yrði endurskoðun á sambandi og samspili lífeyrissjóða og almannatrygginga lokið. Þær væntingar hafa hins vegar ekki gengið eftir og stendur enn yfir vinna við heildarendurskoðun laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, og laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð.

Fulltrúar lífeyrissjóðanna áttu fund með félags- og húsnæðismálaráðherra þann 22. nóvember 2013 þar sem vakin var athygli á nauðsyn þess að framlengja samkomulagið eða finna aðra leið til bráðabirgða þar sem ekki væri búið að finna málinu lausn til framtíðar eins og stefnt hafði verið að. Á þeim fundi kom fram að það væri ekki ætlun stjórnvalda að framlengja samkomulagið enda ekki gert ráð fyrir þeim kostnaði í fjárlögum. Í kjölfar þessa fundar eða þann 6. desember 2013 skipaði ráðherra starfshóp til að greina stöðu málsins. Þar sem

samkomulagið rann úr gildi um síðustu áramót var öllum ljóst að vinna yrði mjög hratt en starfshópurinn skilaði skýrslu til ráðherra dags. 21. febrúar 2014.

Í skýrslunni kemur m.a. fram sá vilji lífeyrissjóðanna að framlengja samkomulagið. Aftur á móti var það kostnaður ríkisins við framlengingu og óbreytta framkvæmd sem varð til þess að aðrar leiðir, kostnaðarminni fyrir ríkissjóð, voru jafnframt settar fram.

Lífeyrissjóðirnir hafa flestir framkvæmt tekjueftirlit á þriggja mánaða fresti. Næsta tekjueftirlit átti að framkvæma í mars 2013 og því lögðu fulltrúar lífeyrissjóðanna á það mikla áherslu að málinu yrði fundin lausn til bráðabirgða fyrir þann tíma. Fyrirspurnum varðandi framgang málsins var því ítrekað beint að formanni starfshópsins og kom þar fram að málið væri á borði ráðherra.

Því miður fréttist ekkert af stöðu málsins fyrr en beiðni barst með afar skömmum fyrirvara um að fá fulltrúa lífeyrissjóðanna á fund velferðarnefndar þann 5. desember sl. vegna draga að frumvarpi um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (samspil örorkugreiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða). Þau frumvarpsdrög voru með samhljóða ákvæðum og eru í því frumvarpi sem hér um ræðir, þ.e. 24. gr. og 3. tl. 26. gr..

Á fund velferðarnefndar þann 5. desember mættu þrír fulltrúar á vegum LL. Af þeirra hálfu var afar rík áhersla lögð á að 3. gr. frumvarpsdraganna sem varðar framkvæmdina gagnvart lífeyrissjóðunum fæli í sér afturvirkni í lagasetningu og væri óframkvæmanlegt að viðhafa slíkt tekjueftirlit gagnvart lífeyrissjóðsgreiðslum. Lífeyrissjóðirnir hefðu hins vegar ekkert við það að athuga að 1. og 2. gr. frumvarpsdraganna yrðu lögfestar, þ.e. þau ákvæði er varða almannatryggingar enda er tekjueftirliti af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins hagað með afturvirkum hætti. Fulltrúar Tryggingastofnunar ríkisins staðfestu þá framkvæmd og lýstu jafnframt yfir að þeir styddu afgreiðslu frumvarpsins.

Málið virtist ekki hafa fengið umræðu í velferðarnefnd Alþingis fyrr en á umræddum fundi þann 5. desember sl. og kom þar m.a. fram að einhverjir nefndarmenn töldu málið vera nýtt af nálinni. Þrátt fyrir hörð mótmæli fulltrúa lífeyrissjóðanna var frumvarpið lagt óbreytt fyrir Alþingi og afgreitt sem lög þann 16. desember sl. og því ætlað að virka með afturvirkum hætti á lífeyrissjóði. Tekið skal fram að afturvirkni í lagasetningu er til þess fallin að draga verulega úr réttaröryggi borgaranna og telst því víða brot á stjórnskipan ríkja.

Ofangreind málsmeðferð felur í sér afleit vinnubrögð sem er Landssamtökum lífeyrissjóða veruleg vonbrigði enda ógerningur að framkvæma tekjueftirlit lífeyrissjóða með afturvirkum hætti. Með vísan í ofangreint er skorað á velferðarnefnd Alþingis að láta samspil örorkulífeyrisgreiðsla almannatrygginga og lífeyrissjóða til sín taka og beita sér fyrir því að málinu verði fundinn farsæll farvegur til framtíðar.

Virðingarfyllt

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða


Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri